

## GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Ölfusi fyrir árið 2003.

### 1. gr.

Bæjarstjórn Ölfuss er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og skal gjaldið innheimtast með fasteignagjöldum, samanber samþykkt um sorphirðu í Ölfusi dagsett 27. janúar 2000.

### 2. gr.

Sorphirðugjaldið er innheimt árlega sem hér segir:

- a) Íbúðarhús, hver pokaeyning (einn poki vikulega eða tveir pokar hálfsmánaðarlega) kr. 10.065. Fyrir hverja sérmetna fasteign er heimilt að leggja á vegna viðbótar pokaeyningu kr. 6.709.
- b) Atvinnuhúsnæði, pokaeyning kr. 13.844 fyrir hvern poka.
- c) Öll fyrirtæki lögaðila og annarra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar og/eða sorpeyðingar, skal leggja á sorpeyðingargjald og/eða sorphreinsunargjald, samkvæmt eftirfarandi:

	<i>Sorpeyðingargjald kr.</i>	<i>Sorphreinsunargjald kr.</i>
1. flokkur	9.650	38.587
2. flokkur	19.304	77.170
3. flokkur	38.603	154.350
4. flokkur	77.206	308.700
5. flokkur	154.402	617.390
6. flokkur	231.609	926.084

Bæjarstjórn raðar aðilum í gjaldflokka eftir áætluðu magni úrgangs. Heimilt er að fella sorphreinsunargjald niður hafi aðilar samning um sorphreinsun við flutningsaðila sem Sveitarfélagið Ölfus samþykkir, enda hafi viðkomandi flutningsaðili útbúnað er hæfir verkinu.

### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Ölfuss er hér með staðfest samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að gilda fyrir árið 2003.

*Bæjarstjórinn í Ölfusi, 24. janúar 2003.*

**Ólafur Ragnarsson.**